

Reykjavík, 2. mars 2018

Umsögn vegna 148. löggjafarþing 2017–2018. Þingskjal 166 — 98. mál.

Lenging fæðingarorlofs úr 9 mánuðum í 12 mánuði hefur lengi verið þörf og því ber að fagna að það sé stigið skref í rétta átt. Lengi hefur ekki verið samræmi í lengd fæðingarorlofs foreldra og möguleika á öruggri dagvist fyrir barn þegar foreldrar hafa þurft að mæta aftur til vinnu. Það er því mjög jákvætt að barn sé tryggður umönnunaraðili fyrsta æviárið sem er mikilvægt fyrir þroska og tengslamyndun barnsins.

En þá þarf einnig að gæta þess að barnið hafi umönnunaraðila sem vill og getur séð um barnið. Í sumum tilfellum og þá aðallega þar sem samband foreldra er ekkert til lítið eða félagslegar aðstæður eru slæmar þá gerist það að annað foreldrið hefur ekki tök á eða vilja til að taka fæðingarorlof og líður barnið fyrir það þar sem þeir mánuðir falla niður. Þessi lenging er sérstaklega mikilvæg fyrir þennan hóp þar sem fjárhagslega standa þessar fjölskyldur verr en aðrar og dagvistun svona ungra barna er dýr.

Að meðaltali á árunum 2010-2015 (fyrir árin 2016-2017 er möguleika til fæðingarorlofs ekki lokið þar sem foreldrar geta tekið út fæðingarorlof til 2 ára aldurs barns) hafa um 30% feðra ekki nýtt sér sinn rétt að fullnustu. Af þeim feðrum sem eru forsjárlausir hefur um 25-30% bara notað hluta af sínum 3 mánuðum en taka verður tillit til að ekki allir forsjárlausir feður sækja um fæðingarorlof. (Skv. gögnum frá Fæðingarorlofssjóði 1.mars.2018)

Eins og tillagan stendur nú mun þessi mismunun einungis aukast þar sem að þau börn þar sem annað foreldri tekur ekki fæðingarorlof mun þar af leiðandi ekki njóta sama réttar til umönnunaraðila og önnur börn. Réttar væri að foreldrar sjálfir myndu stjórna hvernig þessi lenging á fæðingarorlofi væri notuð enda eru það foreldrar sem hafa besta innsýn í hvernig best er fyrir fjölskylduna að taka á móti nýjum fjölskyldumeðlim.

Fyrir hönd félagsráðgjafa á Kvennadeild og Barnaspítala Landspítalans

Helga Sól Ólafsdóttir Verkefnastjóri félagsráðgjafar á Kvennadeild og Barnaspítalanum.